

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

Norðurlandi vestra, 8. júní 2022

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

**Umsögn; Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036; 563 mál.**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Er um að ræða endurskoðun á gildandi byggðaáætlun. Er þakkað fyrir beiðni um umsögn og hún veitt fúslega enda byggðaáætlun ein af þeim grunnstoðum sem landshlutasamtök starfa eftir.

Undirbúningur að þeirri tillögu sem lögð er fram hefur verið viðamikill og samráð afar gott. Er ástæða til að lýsa ánægju með þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið af hálfu innviðaráðuneytisins. Önnur ráðuneyti mættu taka vinnulagið til fyrirmyndar í sinni áætlunargerð.

**Aðkoma landshlutasamtaka**

Í aðgerðaáætlun þeirrar tillögu sem nú liggur fyrir þinginu eru tilgreind 43 verkefni. Af þeim eru landshlutasamtök beinn framkvæmdaaðili 5 verkefna og samstarfsaðili í 22 öðrum. Það er því ljóst að landshlutasamtök eru lykilaðili í framkvæmd þeirra aðgerða sem skilgreindar hafa verið. Landshlutasamtökin hafa enda sýnt það með framkvæmd sóknaráætlana og fleiri verkefna fyrir hið opinbera í umboði sveitarfélaganna á sínum starfssvæðum að þau geta tekið að sér fjölbreytt og umfangsmikil verkefni.

**Fjármögnun**

Miðað við það viðamikla hlutverk sem landshlutasamtökum er ætlað og einnig því að áhersla er í tillögunni á að efla aðferðafræði sóknaráætlana (bls. 4) skýtur skökku við að í sömu andrá eru uppi áform um skerðingu fjármagns til þeirra. Kemur það fram í upphafi tillögunnar þar sem fram kemur að til sóknaráætlana landshlutanna fari framlög úr 569 í 451 millj. króna á

árunum 2022-2026. Með því er gefið til kynna að viðbótarframlög sem fengist hafa samhliða og í kjölfar Covid verði að fullu felld út og að grunnfjármögnun taki ekki mið af launa- og verðlagsþróun. Því verður skv. áætluninni um beina skerðingu framlaga til sóknaráætlana að ræða. Auk ósamræmis við hlutverk landshlutasamtaka í framkvæmd áætlunarinnar er það í hróplegu ósamræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um eflingu sóknaráætlana.

Auk skerðingar fjármagns til sóknaráætlana eru einnig boðaðar skerðingar til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni úr 206 millj. árið 2022 í 200 millj. árið 2026. Sú skerðing er að sama skapi í ósamræmi við áherslur áætlunarinnar þar sem meðal annars er kveðið á um *sjálfbærar byggðir og sveitarfélög, stuðlað verði að bættum lífskjörum og búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að ... fjölbreyttum atvinnutækifærum* (bls. 1). Skerðing á fjármunum til atvinnuráðgjafar mun hafa neikvæð áhrif á þá framtíðarsýn og meginmarkmið áætlunarinnar enda mun ekki vera unnt að veita sömu þjónustu og áður.

SSNV veitti á dögnum umsögn um fjármálaáætlun þar sem rök voru færð fyrir mikilvægi aukins fjármagns til bæði sóknaráætlana og atvinnuráðgjafar. [Vísad er til þeirrar umsagnar.](#)

Megináhyggjur SSVN varðandi þá tillögu sem hér er til umfjöllunar snýr að fjármögnun hennar. Til viðbótar við sýnilega skerðingu á framlögum til sóknaráætlana og atvinnuráðgjafar er ljóst að einstaka aðgerðir eru ýmist ekki eða van-fjármagnaðar. Hefur það verið ein helsta gagnrýni á núgildandi áætlun og brýnt að úr því verði bætt. Má nefna sem dæmi aðgerð B7 – *Óstaðbundin störf* sem er afar brýn. Þar á að setja upp samkeppnisþott til að styðja við uppbyggingu vinnustaðaklasa og hins vegar einsskiptiskostnað vegna starfa sem staðsett verða utan atvinnusóknar höfuðborgarsvæðisins. Heildarfjármögnun verkefnisins á 5 ára tímabili er 298 milljónir króna. Það er einboðið að kostnaður við uppbyggingu samvinnurýma muni á landsvísu verða umtalsvert meiri og því hætta á að uppbyggingin verði hægari en nauðsynlegt er og/eða lendi á sveitarfélögum. Einnig má nefna aðgerð C8 – *Sjálfbær samfélög – efling hringrásarhagkerfisins*. Verkefni sem er risastórt á landsvísu og afar brýnt. Í það á að verja 85 milljónum á gildistíma áætlunarinnar. Slíkir fjármunir mega sín lítils í því afar stóra verkefni sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Hafa hér aðeins verið tekin tvö dæmi en fjölmörg önnur er að finna í áætluninni og fleiri verða nefnd síðar í umsögninni.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra leggja höfuðáherslu á að fjármögnun byggðaáætlunar verði tryggð, einkum fjármunir til sóknaráætlana og atvinnuráðgjafar en einnig verði hugað að auknu fjármagni í einstaka verkefni sem augljóslega eru van-fjármögnuð.

## Um verkefnapotta

SSNV vill vekja athygli á þeirri tilhneigingu hins opinbera að veita fé í verkefnapotta sem landshlutasamtök (eða aðrir) sækja um fjármagn í til ákveðinna verkefna. Hefur þetta t.d. verið viðhaft á lið C1 í núgildandi byggðaáætlun, *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða*, sem einnig er að finna í tillögu að nýrri áætlun. Samtökin lýsa yfir efasemdum um að fyrirkomulag sem þetta leiði til þess að fjármunir renni á þá staði sem brýnast er. Stjórn SSVN bókaði eftirfarandi um síðustu úthlutun úr lið C1 á byggðaáætlun á 77. fundi sínum þann 10. maí sl.

*Alls bárust 24 umsóknir um styrki ... Samanlagt var beðið um styrki að fjárhæð 816 milljónir. Átta verkefni voru styrkt um samtals 120 milljónir.*

*Fjöldi umsókna og heildarfjárhæð umbeðinna styrkja sýnir svo ekki verður um villst að þörf er á stóruknu fjármagn í þennan lið byggðaáætlunar. Stjórn SSSNV skorar á innviðaráðherra að bæta þar úr hið fyrsta.*

Áskorun um aukið fjármagn í þennan tiltekna verkefnapott er ítrekuð og jafnframt gerð athugasemd við að settir séu upp fleiri slíkir pottar frekar en að nýta sóknaráætlanafarveginn til að veita fé til uppbyggingar í landshlutunum.

## Um mælikvarða

Ástæða er til að fagna því nýmæli að mælikvarðar hafi verið settir á yfirmarkmið áætlunarinnar. Þó ber að vekja athygli á því að það er kúnst að skilgreina mælikvarða fyrir eins viðamikil markmið og sett eru fram í áætluninni. Í henni eru liðir sem ekki koma fram í mælikvörðunum. Fjölmarginir þættir hafa áhrif á mælikvarðana og ekki auðvelt að einangra áhrif aðgerða byggðaáætlunar sérstakleg. Hins vegar er jákvætt skref að settir hafa verið mælikvarðar á meginmarkmiðin og nauðsynlegt að halda áfram að þróa þá til að þeir gefi sem skýrasta mynd af árangri áætlunarinnar.

## Almennt um byggðaáætlun

Frá gildistöku gildandi byggðaáætlunar hefur hún sannað gildi sitt sem mikilvægt plagg til eflingar dreifðari byggða landsins. Endurskoðuð áætlun er eðlilegt framhald og í henni eru ýmis verkefni útfærð nánar og gerð skýrari. Í skýrslu innviðaráðherra um framgang núgildandi áætlunar sem lögð var fram fyrr á árinu var farið yfir stöðu verkefna. Stjórn SSSNV bókaði á 74. fundi sínum þann 1. mars síðastliðinn um framvinduskýrsluna. Þar voru gerðar athugasemdir við 16 verkefni og stöðu þeirra. Var það gert til að sýna fram á að þó verkefni sé merkt í vinnslu eða lokið er það ekki endilega svo að áhrifa þeirra hafi gætt á landsbyggðinni eða þau hafi skilað tilætluðum árangri. Með því vill stjórn leggja áherslu á mikilvægi þess að verkefni séu skýrt skilgreind og valin séu verkefni sem raunverulega hafa áhrif en skili ekki eingöngu skýrslum eða greiningum. Í kjölfarið á þeim athugasemdum sem gerðar voru er nú t.d. hafin vinna Bygðastofnunar og landshlutasamtakanna um lið C3 – *stuðning við einstaklinga – námslán* sem lýtur að ívilnunum tengdum endurgreiðslum námslána þar sem skortur er á sérmenntuðu starfsfólki. Var sá liður merktur í vinnslu en enginn vissi í raun hver staðan var á verkefninu eða hvernig ætti að hrinda því í framkvæmd.

## Um einstaka liði byggðaáætlunar

EKKI verða gerðar athugasemdir við alla liði áætlunarinnar. Áður en gerðar eru athugasemdir við einstaka liði er nauðsynlegt að nefna að í þeirri tillögu sem lögð er fram er engin áhersla á rannsóknar- og vísindastarfsemi sem er liður A3 í gildandi áætlun – *Efling rannsókna og vísindastarfsemi*. Er ástæða til að hvetja til þess að sá áhersluliður verði áfram inni í byggðaáætlun sökum þeirrar baráttu sem rannsóknar- og vísindastarfsemi á landsbyggðinni á í við fjármögnun.

Einnig skýtur skökku við að í aðgerðum byggðaáætlunar er lítil sem engin áhersla á stuðning við landbúnað. Landbúnaður er hryggjarstykkið í samfélögunum á Norðurlandi vestra og segja má að þéttbýliskjarnar í landshlutanum byggji tilveru sína á þjónustu við hann. Því er nauðsynlegt, ef raunverulega á að styðja við byggð, að landbúnaði sé gert hátt undir höfði í byggðaáætlun. Áform um uppsetningu matvælakjarna nýtast vissulega vel í því augnamiði en betur má ef duga skal. Huga þarf að afkomuöryggi bænda til jafns við framþróun og nýsköpun. Til að mæta þessum áherslum mætti setja inn aðgerð(ir) sem sérstaklega lúta að þessum þáttum, svo sem leggja mat á afkomuöryggi í landbúnaði og leiðum til að efla nýsköpun og framþróun. Þær aðgerðir gætu meðal annars náð yfir þætti sem bændur eru lykilaðilar að svo sem vöruþróun landbúnaðarafurða, bættu nýtingu matvæla, fæðuöryggi, orkuskipti, loftslagsmál o.s.frv.

Þegar hafa verið gerðar athugasemdir um fjármögnun nokkurra liða. Eftirfarandi athugasemdir eru jafnframt gerðar við einstaka liði:

*A1 - háhraðanettengingar.* Sú áhersla, sem sett er fram í þessum lið um stuðning til lagningu ljósleiðara í smærri byggðakjörnum þar sem hann verður ekki lagður á markaðslegum forsendum, er afar mikilvæg. SSNV hefur um árabil lagt áherslu á að þessir byggðakjarnar fái öflugan stuðning til að ljúka megi við lagningu ljósleiðara. Einnig er brýnt að lokið verði við tæknilega flóknustu tengingarnar í dreifbýli sem enn er ólokið. Þessi liður áætlunarinnar er sérstaklega mikilvægur þar sem koparlínur verða aflagðar með öllu á næsta ári og því hætta á að einstaka svæði verði sambandslaus komi ekki til ljósleiðarartengingar.

*A16 – kostnaðargreining vegna heilbrigðisþjónustu.* Þarna er um að ræða atriði sem lengi hefur verið baráttumál hinna dreifðari byggða. Greining á þeim kostnaði sem til fellur er eitt en brýnt er að teknir verði frá fjármunir í framhaldinu til að bregðast við þeim kostnaði sem til fellur vegna þjónustusóknar íbúa á landsbyggðinni.

*B6 – Staðarval ríkisstarfa.* Stjórn SSNV lýsir yfir ánægju með þennan lið tillögunnar og hvetur til þess að enn sterkar verði tekið til orða. Þegar nýjar stofnanir eða skrifstofur verði stofnaðar af hálfu ríkisins verði þær staðsettar á landsbyggðinni nema rökstyðja megi að eðli starfseminnar hamli því.

*B7 – Óstaðbundin störf.* Einnig er ástæða til að fagna þessum lið sem er eðlilegt framhald sambærilegs liðar á núgildandi byggðaáætlun. Sérstök ástæða er til að fagna því að gert er ráð fyrir fjármagni til uppsetningar vinnurýma. Ítrekað er það sjónarmið sem þegar hefur komið fram um samkeppnispotta um það litla fjármagn sem í boði er.

*C1 – Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.* Það er þversagnarkennt að á milli áætlana eru þeir fjármunir sem settir eru í þennan lið skertir úr 870 milljónum í 700 milljónir. Einkum þegar ásókn í fjármunina í síðustu úthlutun sýndi svo ekki var um villst þörf á mun meira fjármagni eins og fjallað var um hér að framan og fram kom í [umsögn stjórnar SSNV um fjármálaáætlun](#).

*C12 – Uppsetning og rekstur matvælakjarna.* Ánægjulegt er að sjá þessa áherslu á byggðaáætlun en á Norðurlandi vestra hefur slíkur kjarni verið rekinn um nokkurra ára skeið með mjög góðum árangri. Hefur verkefnið notið ríkulegs stuðnings úr Sóknaráætlun

Norðurlands vestra. Ljóst er af því verkefni að það fjármagn sem gert er ráð fyrir að sett verði í aðgerðina (20 millj.), er aðeins dropi í hafið ef horft er til landsins alls. Kostnaður við uppsetningu slíkra matvælakjarna hleypur á tugum milljóna og árlegur rekstrarkostnaður sömuleiðis en nauðsynlegt er að við þá starfi sérmenntaðir aðilar til stuðnings fyrir frumkvöðlana og jafnframt er námskeiðahald og fræðsla mjög brýnn þáttur. Á Norðurlandi vestra hefur verkefnið verið unnið í góðu samstarfi Vörusmiðju BioPol og Farskóla Norðurlands vestra með stuðningi frá SSNV. Hefur það samstarf gefist afar vel. SSNV, BioPol og Farskólinn eru tilbúin til samtals við ráðuneytið um ákjósanlega framkvæmd verkefna af þessum toga.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd vegna málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,  
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Bókun stjórnar SSNV um framvinduskýrslu innviðaráðherra um byggðaáætlun.

## Fylgiskjal

Bókun stjórnar SSVN um framvinduskýrslu innviðaráðherra um byggðaáætlun. Gjörð á 74. fundi þann 1. mars 2022. [Fundargerðin í heild sinni.](#)

Um leið og stjórn fagnar metnaðarfullum verkefnum í byggðaáætlun og greinargóða samantekt á stöðu verkefna vill hún koma eftirfarandi á framfæri við einstaka liði áætlunarinnar:

*A.3 Efling rannsókna og vísindastarfsemi. Liður í vinnslu.* Afar mikilvægt er að vinnu þessari verði hraðað. Þegar eru til staðar á landsbyggðinni fjölmörg rannsóknarsetur sem berjast í bökkum hvað fjármögnun varðar og búið hafa við skerðingar á framlögum af hálfu ríkisins. Skýtur það skökku við þegar þessi áhersla byggðaáætlunar er skoðuð.

*A.11 Flug sem almenningsamgöngur. Lið lokið.* Á árinu 2018 var unnið tilraunaverkefni með stuðningi úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Þá kom flugfélagið Ernir á reglulegu áætlunarflugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Flugið var nokkuð vel nýtt en mál manna er að verkefnið hafi ekki varað nægilega lengi til að full reynsla kæmist á það. Mikilvægt er að það verði tekið upp að nýju og það flug verði hluti af Loftbrú stjórnvalda sem miðar að því að niðurgreiða flugfargjöld íbúa landsbyggðarinnar í einkaerindum. Samkvæmt viðmiðum Loftbrúar er flug um Alexandersflugvöll hluti þeirra skilgreindu svæða sem eiga kost á niðurgreiðslu flugfargjalda íbúa. Sú staðreynd breytir rekstrarskilyrðum fyrir áætlunarflug verulega og brýnt að á það verði látið reyna, til lengri tíma en gert var 2018, hvort grundvöllur er fyrir slíkum rekstri. Skilgreining Alexandersflugvallar í grunnnet flugvalla á ný sem og tryggt fé til rekstrar og viðhalds eru grunnur þess.

*A.18 Skilgreining opinberrar þjónustu. Lið lokið.* Mikilvægt er að unnið verði áfram með niðurstöður skilgreiningar á grunnþjónustu og gripið til mótvægis- og eða stuðningsaðgerða þar sem það á við.

*B.1 Hraða þrífösun rafmagns. Liður í vinnslu.* Hér er um að ræða afar brýnt hagsmunamál fyrir landshlutann. Skv. upplýsingum frá RARIK verða öll býli í ábúð á veitusvæði fyrirtækisins komin með þriggja fasa rafmagn eftir 8 ár, eða árið 2030. Stjórnvöld hafa komið að flýtingu ákveðinna verkefna og því verða allir stórir viðskiptavinir, eins og stór kúabú og aðrir sem nota 70.000 kWst eða meira, komnir með þriggja fasa rafmagn árið 2025. Allt dreifikerfi RARIK verður síðan

komið í jarðstrengi árið 2035. Ástæða er til að fagna því að verkinu hefur verið flýtt um nokkur ár miðað við fyrri áætlanir. Um leið er á það bent að hagsmunir af því að verkinu verði hraðað enn frekar eru miklir. Tryggja verður að nægum fjármunum verði veitt til verkefnisins svo áætlanir gangi eftir og jafnvel fyrr en ætlað er.

*B.2 Flutningskerfi raforku og bætt orkuöryggi. Liður í vinnslu.* Staða flutningskerfis raforku hamlar í dag atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi vestra og brýnt er að úr því verði bætt sem allra fyrst. Sveitarfélögin hafa unnið að því ötullega að laða fjárfestingar inn í landshlutann á síðustu árum og óboðlegt að slík vinna strandi á aðgengi að orku.

*B.6 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu. Lið lokið.* Svo virðist sem að í ljós hafi komið að verkefnið hafi ekki verið nægilega vel skilgreint. Fjallað er um þingsályktunartillögu um að greindar verði ferðaleiðir sem sé forsenda þess að beita megi hagrænum hvötum. Brýnt er að þessari vinnu verði hraðað eins og kostur er og að stuðningur til þeirra sem fara þurfa um

langan veg til vinnu komi til framkvæmda sem fyrst. Á Norðurlandi vestra eru almenningssamgöngur með þeim hætti að ekki er hægt að nýta þær til vinnusóknar, hvort sem er innan svæðis eða utan, sem gerir þörfina á stuðningi af þessum toga meiri en ella.

*B.7 Störf án staðsetningar. Liður í vinnslu.* Verkefnið hefur hlotið mikla athygli en hefur að mati stjórnar SSNV farið alltof hægt af stað. Mikilvægt er að til komi hvatar til fyrirtækja og stofnana til að hraða verkefninu, svo sem með niðurgreiðslu húsaleigu á skrifstofusetrum á landsbyggðinni. Jafnframt er mikilvægt að landshlutarnir fái stuðning til að koma upp skrifstofusetrum þar sem ljóst er að þau verði ekki sett upp eða rekin á markaðsforsendum.

*B.8 Fjarvinnslustöðvar. Liður í vinnslu.* Í þessu verkefni felast mörg tækifæri fyrir hinar dreifðari byggðir og stofnanir ríkisins. Stórauka þarf fjármagn í þennan lið til að hann nái flugi og nýtist sem best. Vert er að benda á að við vinnu umsókna í þennan lið hefur komið í ljós að stofnanir gera í mörgum tilfellum ráð fyrir því að sveitarfélögin taki á sig kostnað, t.d. húsaleigu og kaup á tölvubúnaði, þar sem þær hafi ekki fjármagn til að mæta kröfu um mótframlag. Slíkt er óviðunandi. Tryggja þarf að stofnanir hafi fjármuni til að leggja á móti styrkjum til verkefna af þessum toga og/eða stuðningur úr byggðaáætlun nemi fullum kostnaði við verkefni.

*B.9 Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land. Í vinnslu.* Það að skoðað verði hvort starfsemi nýrra stofnana geti verið staðsett utan höfuðborgarsvæðisins er ekki orðalag sem vænlegt er til árangurs. Að mati stjórnar SSNV á það að vera regla að nýjar stofnanir ríkisins verði staðsettar á landsbyggðinni, nema sérstakar og vel rökstuddar ástæður séu til staðar.

*B.13 Stafrænt forskot á landsbyggðinni. Liður í vinnslu.* Verkefnið var unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð sem nú hefur verið aflögð. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra lýsa yfir áhuga á að taka að sér þetta verkefni í landshlutanum enda eru ráðgjafar þeirra í góðum tengslum við atvinnulífið auk þess að búa yfir þeirri þekkingu sem til þarf.

*B.14 Fjármagn til nýsköpunar. Liður í vinnslu.* Settur hefur verið á laggirnar nýr lánaflokkur hjá Byggðastofnun sem lítið hefur verið nýttur ef marka má greinargerðina. Kynna þarf þennan möguleika betur og hækka verulega lánsfjárhæðir.

*B.15 Mat á árangri af úthlutun byggðakvóta. Liður í vinnslu.* Óskiljanlegt er hversu lengi verkefnið hefur dregist og skorað á stjórnvöld að hraða vinnslu þess.

*C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Liður í vinnslu.* Ástæða er til að lýsa ánægju með þennan lið á byggðaáætlun. Hins vegar er nauðsynlegt að auka verulega fjármagn sem til

liðarins rennur til að hægt sé að ráðast í verkefni í landshlutunum sem hafa veruleg áhrif.

*C.3 Stuðningur við einstaklinga – námslán. Liður í vinnslu.* Gefin er heimild til að veita tímabundnar ívilnanir við endurgreiðslu námslána til að mæta skorti í ákveðnum starfsstéttum og einnig á svæðum sem uppfylla ákveðin skilyrði sem skilgreind eru í samráði við Byggðastofnun. Kallað er eftir því að þessi liður komi til raunverulegrar framkvæmdar og upplýst verði um með hvaða hætti landshlutar geta nýtt sér hann til að laða til sín vel menntað fólk.

*C.12 Kynning og innleiðing áfangastaðaáætlana. Lið lokið.* Áfangastaðaáætlanir eru mikilvæg plögg um þróun ferðaþjónustu í landshlutunum. Þær verða hins vegar að vera lifandi og endurskoðaðar reglulega. Slíkt felur í sér kostnað sem mikilvægt er að mætt verði til að þær geti þjónað tilgangi sínum.

*C.13 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Liður í vinnslu. Ástæða er til að fagna þeirri þróun sem átt sér hefur stað af hálfu Byggðastofnunar í tengslum við þennan lið byggðaáætlunar.*